



8. mars 2021

## Tillögur stjórnar TM hf. til hluthafafundar þann 30. mars 2021.

Hluthafafundur TM hf. verður haldinn þriðjudaginn 30. mars nk. kl. 16:00 á Hilton Reykjavík Nordica, 2. hæð, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík. Á fundarboðsdegi er farið með atkvæði fyrir 771.892.669 hluti, en eitt atkvæði gildir fyrir hvern hlut.

### Dagskrá samkvæmt fundarboði:

1. Tillaga stjórnar um samruna Kvikubanka hf., TM hf. og Lykils fjármögnunar hf.
2. Umræður og önnur mál löglega fram borin.

### Tillaga um samruna Kvikubanka, TM og Lykils:

Lagt er til að svohljóðandi tillaga stjórnar um samruna Kvikubanka hf., TM hf. og Lykils fjármögnunar hf. verði samþykkt:

*„Hluthafafundur TM hf. haldinn 30. mars 2021 samþykkir samruna Kvikubanka hf., TM hf. og Lykils fjármögnunar hf. í samræmi við framlagða samrunaáætlun sem samþykkt hefur verið og undirrituð af stjórnnum allra félaga þann 23. febrúar 2021. Samþykkt fundarins er með þeim fyrirvara að samþykki Fjármálaeftirlitsins, sbr. 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, fáið fyrir samrunanum.“*

### Greinargerð stjórnar:

Þann 28. september 2020 hófust formlegar samrunaviðræður Kvikubanka hf. og TM hf. á grundvelli samkomulags sem fól í sér að Kvika yrði yfirtökufélagið og að hluthafar TM eignuðust 2.509.934.076 hluti í Kvikubanka, er næmu 55% hlutfjár sameinaðs félags þann dag. Til grundvallar endurgjaldinu var markaðsverð hlutabréfa í félögunum við lok viðskipta 28. september 2020, að teknu tilliti til umsamins álags á markaðsvirði hlutabréfa í Kvikubanka og fyrirliggjandi samningsskuldbindinga sem kynnu að leiða til aukningar hlutfjár í Kvikubanka eftir 28. september 2020. Áformað var að Lykill fjármögnun hf. myndi sameinast félögunum á síðari stigum en eftir nánari skoðun var ákveðið að framkvæma þríhliða samruna félaganna þriggja.

Framkvæmdar voru gagnkvæmar skoðanir á starfsemi félaganna og helstu áhættuþáttum og aflagð var álits utanaðkomandi sérfræðinga á tilteknum fjárhagslegum, skattalegum og lögfræðilegum álitamálum. Ekkert kom fram í gagnkvæmum skoðunum og áliti utanaðkomandi sérfræðinga sem leiða áttu til breytinga á þeim forsendum. Stjórnir félaganna telja raunhæft að með samrunanum megi ná fram 1.200-1.500 m.kr. árlegri kostnaðarsamlegð, án viðskipta- og einskíptiskostnaðar. Niðurstöður framangreindra skoðana og greininga hafa staðfest trú stjórnenda og stjórnar Kvikubanka hf. að sameining félaganna sé jákvætt skref fyrir félögin.

Stjórnir félaganna undirrituðu samrunasamning 25. nóvember 2020 þar sem samkomulag var um að samrunaáætlun og önnur samrunagögn yrðu undirrituð þegar yfirfærsla vátryggingastofns TM hf. til TM trygginga hf., hefði verið framkvæmd og ársreikningar félaganna vegna rekstrarársins 2020 lögju fyrir. Yfirfærsla vátryggingastofnsins var samþykkt af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og aukið starfsleyfi gefið út til handa TM tryggingum hf. 9. desember 2020 og var yfirfærslan framkvæmd 1. janúar 2021.

Samrunaáætlun var undirrituð af stjórnnum félaganna 23. febrúar 2021. Þann sama dag voru undirritaðar greinargerðir stjórna félaganna, skýrslur sérfróðra matsmanna og samrunaefnahagsreikningur félaganna. Samkvæmt samrunaáætlun verða félögin sameinuð m.v. 1. janúar 2021 og munu hluthafar TM hf. fá 2.509.934.076 nýútgefna hluti í Kvikubanka hf. sem endurgjald fyrir hluti sína í TM hf. Hinir nýútgefna hlutir njóta sömu réttinda og aðrir hlutir í Kvikubanka hf. frá afhendingardegi.

Fyrirhugaður samruni var tilkynntur til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og Samkeppniseftirlitsins í desember 2020. Samþykki Samkeppniseftirlitsins liggur fyrir með ákvörðun dags. 26. febrúar 2021. Þann sama dag veitti Fjármálaeftirlitið Kvikubanka hf. heimild til að fara með virkan eignarhlut í TM tryggingum hf., TM líftryggingum hf. og Íslenskri endurtryggingu hf. Beðið er eftir samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir samrunanum en gert er ráð fyrir að samþykki, með fyrirvara um að samrunaferlið verði klárað í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga, muni liggja fyrir fyrir hluthafafundinn.

Stjórn TM hf.